

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (V) (atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi).

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 89/2001 frá 17. janúar 2001 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja sem vísað er til í VI. viðauka (félagslegt öryggi) við Samninginn um evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2001 frá 17. janúar 2001 skal öðlast gildi hér á landi að því leyti sem ákvæði hennar lúta að atvinnuleysistryggingum og greiðslum í fæðingarorlofi. Reglugerðin skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Reglugerðin (EB) nr. 89/2001 fjallar að hluta til um atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi, barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá fjármálaráðuneyti nr. 523/2002 er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti nr. 507/2002 er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 89/2001 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2001, sbr. 1. gr., sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 23, 2. maí 2002, bls. 370-375, er birt sem fylgiskjal með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, nr. 507/2002.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 29. gr. laga, nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, og 35. gr. laga, nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. júlí 2002.

Páll Pétursson.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993-2013, frístundabyggð í landi Minni-Mástungu.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993-2013 frá 2. júní 1995.

Breytingin felst í því að 4 hektarar lands í landi Minni-Mástungu breytast úr ræktuðu landi í orlofs- og sumarbústaðasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Gnúpverjahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um fólksflutninga á landi.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fólksflutninga á landi í atvinnuskyni með bifreiðum sem rúma níu farþega eða fleiri. Reglugerðin gildir einnig um akstur sérleyfisbifreiða og skóla-bifreiða, sbr. 8. gr. laga nr. 73/2001, þegar notaðar eru bifreiðar sem rúma þrjá til átta farþega og um akstur sérútbúinna bifreiða, t.d. til fjallaferða enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri farþega en níu, sbr. 4. mgr. 6. gr. og 10. gr. laga nr. 73/2001.

Reglugerð þessi gildir ekki um akstur í eigin þágu. Bifreið, sem notuð er til fólksflutninga samkvæmt reglugerð þessari, skal uppfylla gæða- og tækniröfur Vegagerðarinnar.

2. gr.

Markmið

Markmið reglugerðar þessarar er að skapa almenn skilyrði fyrir starfsgrein fólksflutninga á landi þar sem m.a. er tekið mið af reglum sem innleiddar hafa verið vegna aðildar Íslands að samningnum um hið evrópska efnahagssvæði.

Reglugerð þessi setur einnig fram skilyrði við veitingu styrkja til reksturs sérleyfa til þess að unnt sé að uppfylla markmið laga nr. 73/2001, um almenningssamgöngur í landinu. Taka skal mið af þörfum notenda þjónustunnar, m.a. fyrir gæði, verð, öryggi og ferðatíðni.

II. KAFLI

Orðskýringar.

3. gr.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

- Almennt rekstrarleyfi:* Leyfi skv. 4. gr. sem allir sem stunda fólksflutninga, vöruflutninga og/eða efnisflutninga gegn endurgjaldi þurfa að hafa.
- Sérleyfi:* Leyfi sem veitt er til reglubundinna fólksflutninga og er aðgangur annarra takmarkaður á sérleyfisleið.
- Einkaleyfi:* Sérleyfi sveitarfélags til reglubundinna fólksflutninga innan lögsagnarumdæmis þess.
- Reglubundnir fólksflutningar:* Fastar ferðir á ákveðinni leið samkvæmt fyrirfram birtri áætlun þar sem farþegar eru teknir upp og settir af á leiðinni. Þjónustan er öllum opin, þ.e. almenningssamgöngur.